

LÖG SKÁTASAMBANDS REYKJAVÍKUR

Lög þessi voru sett á aðalfundi 1988, birtast hér með áorðnum
breytingum, nú síðast 27. mars 2025.



Efnisyfirlit

Kaflí Skáttasamband Reykjavíkur og verkefni þess...	1
Kaflí Aðalfundur og stjórn SSR	2
Kaflí Skátafélög	4
Kaflí Lagabreytingar	4
Kaflí Gildistaka	4

LÖG SKÁTASAMBANDS REYKJAVÍKUR - SSR

1 Kafli

Skáttasamband Reykjavíkur og verkefni þess

1.1 Samband skáttafélaga í Reykjavík heitir Skáttasamband Reykjavíkur, skammstafað SSR. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

1.2 Öll skáttafélög og aðrar starfseiningar skáta í Reykjavík, sem viðurkenndar eru af Bandalagi íslenskra skáta, eiga aðild að SSR.

1.3 Hlutverk SSR eru að:

A. Gæta hagsmuna skáttafélaganna í Reykjavík, vera málsvari þeirra og samnefnari gagnvart borgarstjórn, ríkisvaldinu og félagasamtökum.

B. Sjá um sameiginleg skáttamálefni, húsnaðismál félaganna og fylgjast með fjárreiðum þeirra.

C. Styðja við og efla skáttafélögin í Reykjavík svo skáttafélög geti staðið fyrir reglubundnu skáttastarfi fyrir börn, ungmenni, og fullorðna og aðstoða þau félög sem þess þurfa.

D. Stuðla að vexti og þróun skáttastarfs í Reykjavík, m.a. með því að annast skiptingu hverfa milli skáttafélaga og annarra starfseininga skáta í Reykjavík, styðja við stofnun nýrra skáttafélaga, endurverkja eldri félög eftir þörfum eða hvetja til og styðja við sameiginu féлага í samvinnu við stjórn Bandalag Íslenskra skáta.

1.4 Á vegum Skáttasambands Reykjavíkur starfar uppstillingarnefnd sem í eru þrír fulltrúar. Tryggja skal að í nefndinni sitji fólk af a.m.k. tveimur kynjum. Að lágmarki skal einn fulltrúi í nefndinni ekki vera eldri en 25 ára á því ári sem kosning fer fram. Nefndin hefur það hlutverk að leita eftir fólki í stjórn SSR og til annarra starfa fyrir SSR samkvæmt lögum þessum og skal nefndin tryggja að í hvert laust sæti sé a.m.k. einn frambjóðandi. Við störf sín skal uppstillingarnefnd ávallt leita eftir hæfum frambjóðendum og gæta þess, eftir því sem hægt er, að jafnræði sé með kynjum í stjórn SSR, nefndum og ráðum sem og að aldursbil sé sem breiðast. Stjórn SSR skal kalla uppstillingarnefnd saman í síðasta lagi átta vikum fyrir aðalfund.

1.5 Verði Skáttasamband Reykjavíkur lagt niður skal Bandalag íslenskra skáta fara með og ávaxta eigur þess sem eigur sjálfsstæðs félags í tíu ár. SSR verður ekki lagt niður nema að slík tillaga verði samþykkt af meirihluta tveggja lögmætra aðalfunda. Hefji SSR eða viðurkenndur arftaki þess aftur starf innan tíu ára frá niðurlagningu tekur viðkomandi við eigum og skyldum SSR, en að öðrum kosti skal stjórn BÍS ráðstafa þeim til skáttafélaga í Reykjavík.

2 Kafli

Aðalfundur og stjórn SSR

2.1 Aðalfundur fer með æðstu stjórn í málefnum Skáttasambands Reykjavíkur og á milli aðalfunda fer kjörin stjórn með málefni þess eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2.2 Aðalfundur skal halda eigi síðar en 1. maí ár hvert og skal boða til hans með sannarlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara hið skemmsta. Í fundarboði skal tilgreina eftirfarandi:

A. Fundarstað og tíma.

B. Hvaða embætti eru í kjöri á komandi aðalfundi og hverjir ganga úr stjórn, ráðum og nefndum SSR.

C. Hverjir eru í uppstillingarnefnd.

Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Aðalfundi skal stjórnað samkvæmt almennum fundarsköpum. Aðalfundur setur sér starfsreglur.

2.3 Tillögur frá aðilum SSR um fulltrúa í stjórn og skoðunaraðilar reikninga skulu hafa borist uppstillingarnefnd í síðasta lagi tveimur vikum fyrir aðalfund. Á aðalfundi er heimilt að bera upp tillögur um fulltrúa í hvert það embætti sem kjósa skal um. Leggja skal fram skriflegt samþykki með tilnefningum þeirra sem ekki eru staddir á fundinum. Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn SSR tveimur vikum fyrir aðalfund.

2.4 Viku fyrir aðalfund skal stjórn SSR senda út til félagsfóringja og tengiliði annarra starfseininga eftirfarandi:

A. Tillögur um lagabreytingar.

B. Tillögur uppstillingarnefndar.

C. Skoðaðan ársreikning SSR.

D. Ársskýrslu SSR.

2.5 Rétt til setu á aðalfundi eiga:

A. Með atkvæðisrétti: Fulltrúar skáttafélaga. Hver fulltrúi fer með atkvæði fyrir það skáttafélag sem hann er skráður í og hefur hvert skáttafélag þrjá fulltrúa á aðalfundi, þar af skal einn fulltrúi hvers félags vera félagsfóringi eða annar í stjórn í hans stað. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Fulltrúar skulu vera 16 ára eða eldri. Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi, nema um lagabreytingu sé að ræða, sbr. ákvæði 4. Atkvæði félaga á aðalfundi SSR er háð því skilyrði að félagið hafi skilað ársskýrslu og ársreikning síðasta starfsárs tveimur vikum fyrir aðalfund SSR.

B. Með málfrelsi og tillögurétti:

Stjórn, fulltrúar í ráðum og starfsfólk SSR, skoðunaraðilar reikninga SSR.
Allir starfandi skátar í Reykjavík.
Varafulltrúar skátafélaga/starfseininga.
Stjórn BÍS.

Stjórn SSR er heimilt að bjóða gestum til aðalfundar SSR.

2.6 Dagskrá aðalfundar skal vera:

- A. Kosning fundarstjóra og ritara.
- B. Lögð fram skýrsla stjórnar. Umræður.
- C. Lagðir fram skoðaðir reikningar og fjárhagsáætlun til eins árs. Umræður.
- D. Tillögur um lagabreytingar. Kynning og umræður.
- E. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga, skýrslu stjórnar, reikninga og fjárhagsáætlunar.
- F. Kosning stjórnar, sbr. ákvæði 2.7. Kosið skal í hvert embætti fyrir sig.
- G. Kosning tveggja skoðunaraðila reikninga.
- H. Kosning þriggja fulltrúa í uppstillingarnefnd fyrir næsta aðalfund. Kjósa skal sérstaklega um hvern fulltrúa í nefndinni.
- I. Önnur mál.

2.7 Stjórn SSR skal skipuð fimm einstaklingum: Formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Kjörtímabilið er tvö ár. Formaður og varaformaður skulu ekki kjörnir á sama ári. Leitast skal við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu í stjórn og að einstaklingar í stjórn komi úr sem flestum félögum og að í stjórn sé að lágmarki einn einstaklingur sem er á aldrinum 18 til 25 ára þegar kjör fer fram. Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund skal stjórn ganga frá erindisbréfum þeirra sem í henni sitja.

2.8 Láti einhver stjórnaraðila, fulltrúi í ráði eða nefnd af störfum, eða ef um langvarandi fjarveru stjórnaraðila er að ræða á milli aðalfunda, skal félagsforingjafundur, í samráði við uppstillingarnefnd, skipa í stöðuna fram að næsta aðalfundi.

2.9 Stjórn SSR skal funda reglulega með félagsforingjum eða fulltrúum þeirra að jafnaði þrisvar á hverju starfsári og ber að boða þá með viðeigandi hætti með minnst tíu daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja.

2.10 Tvö eða fleiri félög geta farið fram á það við stjórn SSR að hún kalli saman félagsforingjafund og er henni þá skylt að boða til og halda slíkan fund innan viku.

- 2.11 Stjórn SSR skal kynna starfáætlun SSR á félagsforingjafundi í byrjun hvers starfsárs og senda hana út til skátafélaganna.
- 2.12 Stjórn SSR er heimilt að ráða starfsfólk. Starfsfólk SSR skal starfa samkvæmt sérstökum erindisbréfum sem stjórnin setur.
- 2.13 Stjórn SSR er heimilt að setja reglugerðir samkvæmt lögum þessum.
- 2.14 Stjórn SSR er heimilt að skipa tímabundnar nefndir og vinnuhópa sér til aðstoðar og ákveða verksvið þeirra samkvæmt erindisbréfi.

3 Kafi Skátafélög

3.1 Skátafélögum og starfseiningum skáta innan SSR er skylt að setja sér lög. Í lögnum skal meðan annars tilgreina eftirfarandi:

- A. Aðalfund skal halda á hverju starfsári fyrir aðalfund SSR. Fundarboð skal sent til stjórnar SSR og stjórnar BÍS og er þeim heimilt að eiga áheyrnarfulltrúa á aðalfundi.
- B. Stjórn skátafélags skal skipuð a.m.k. þremur einstaklingum, þar á meðal skulu vera félagsforingi og gjaldkeri.
- C. Í félaginu skal starfa félagsráð þar sem í eiga sæti foringjar og stjórn félagsins. Þess skal gætt að kynjaskipting í stjórn og félagsráði sé sem jöfnust.
- D. Stjórn SSR skal skipa annan skoðunaraðila reikninga félagsins.
- E. Hætti félagið störfum um lengri eða skemmri tíma, skal SSR taka við eigum þess til varðveislu og ávöxtunar og fara með þær sem eiga sjálfstæðs félags í allt að tíu ár. Hefji félagið, eða viðurkenndur arftaki þess, aftur störf innan tíu ára frá niðurlagningu, tekur það aftur við eigum og skyldum, en að öðrum kosti skal SSR ráðstafa eignunum til skátafélaga í Reykjavík, í samráði við stjórn BÍS.

4 Kafi Lagabreytingar

Lögum þessum verður einungis breytt á aðalfundi með 2/3 hlutum gildra atkvæða og er stjórninni skylt að senda skátafélögum og Bandalagi íslenskra skáta eintak af lögnum með áorðnum breytingum innan mánaðar frá samþykkt þeirra.

5 Kafi Gildistaka

Lög þessi, sem sett voru á aðalfundi 1988 og breytt á aðalfundum 1989, 1990, framhaldsaðalfundi 3. apríl 1991 og aðalfundum 10. maí, 1994, 17. apríl, 1996, 27. apríl 2000, 22. maí 2002, 11. maí 2012, 2. maí 2013, 23. mars 2014, 26. mars 2015, 15. mars 2016 og 23. mars 2017, 28. mars 2019, 14. maí 2020, 24. mars 2022, 13. apríl 2023, 21. mars 2024 og 27. mars 2025 og öðlast þegar gildi.